

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Innbæ.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 20. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Innbæ. Breytingin tekur til lóðarinnar Hafnarstrætis 16 og felur í sér að lóðin stækkar til suðurs um rúmlega 500 m<sup>2</sup> og aðliggjandi opið svæði minnkar sem því nemur. Núverandi byggingarreitur á lóð Hafnarstrætis 16 stækkar til suðurs og innan lóðar verður heimilt að reisa allt að 300 m<sup>2</sup> viðbyggingu á einni hæð ásamt því að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir geymsluskúr að hámarki 30 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,158 í 0,270.

Þá fjölgar bílastæðum innan lóðarinnar úr fimm í tíu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 17. febrúar 2023,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 17. febrúar 2023